



Janúar 2022

HVATARBLAÐIÐ



Líf og fjör í leikskóladeild Kerhólsskóla



517. fundur 1. desember 2021 kl. 09:00 - 11:50
Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn
Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 228. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 24. nóvember 2021.

Mál nr. 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 228. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 24. nóvember 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

[228. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita](#)

Mál nr. 6: Kiðjaberg lóð 129 L201719; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - (2111012).

Fyrir liggur umsókn frá Principal Holdings ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Kiðjabergs. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðar Kiðjabergs lóð 129 L201719.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt.

Mál nr. 7: Ytraholt 9 L216457; Veglagning; Framkvæmdarleyfi - (2110043).

Fyrir liggur beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu að lóð Ytraholts 9 L216457 í landi Bjarkar 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli gildandi deiliskipulags svæðisins.

Ingibjörg Harðardóttir gerir alvarlegar athugasemdir við að embættið leggi fram gögn sem aldrei hafa verið staðfest sem hluta af málgögnum og á ekkert erindi með í þessu máli.

Mál nr. 8: Miðengi L168261; Framkvæmdarleyfi - (2111016).

Fyrir liggur beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Miðengis L168261.

Sveitarstjórn synjar umsókn um framkvæmdaleyfi þar sem ekki er skilgreind náma á umræddu svæði innan gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 9: Stóra-Borg lóð 13 L218057; Hvítuborgir; Breytt heiti lóðar - (2111028).

Fyrir liggur umsókn frá Ögmundi Gíslasyni er varðar breytt heiti lóðar Stóru-Borgar lóð 13 L218057. Í breytingunni felst að lóðin fær staðfangið Hvítuborgir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða nýtt staðfang landsins.

Mál nr. 10: Leynir L230589; Vegagerð; Framkvæmdarleyfi - (2109031).

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá Viðhaldsfjelaginu ehf. er varðar veglagningu á grundvelli deiliskipulags sem tekur til frístundabygðar í landi Leynis L230589.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli gildandi deiliskipulags svæðisins.

Mál nr. 11: Efri-Markarbraut 6; Skilmálabreyting; Byggingarefni og þakhalli; Deiliskipulagsbreyting - (2111031).

Fyrir liggur umsókn frá Aðalheiði Ásgrímsdóttur er varðar breytingu á deiliskipulagi Vaðnesi sem tekur til Efri-Markarbrautar, Kjalbrautar, Birkibrautar og Kjarrbrautar. Í breytingunni felst að byggingarefni verði gefin frjáls innan deiliskipulagsins og þakhalli megi vera á bilinu 0-45°.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi og verði kynnt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 12: Kerið 1 L172724; Aðkomuvegur og bílastæði; Framkvæmdarleyfi - (2111032).

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir nýjum 294m löngum aðkomuvegi ásamt uppbyggingu á bílastæði við Kerið fyrir um 120 fólksbíla og 4-6 hópferðabíla á alls um 4.600 m² svæði.

Fyrirliggjandi umsókn um framkvæmdarleyfi samræmist ekki deiliskipulagi svæðisins og mælist sveitarstjórn til þess unnin verði breyting á deiliskipulagi svæðisins í samræmi við framlagða umsókn og að jafnframt verði lögð fram staðfesting á samþykki landeiganda. Sveitarstjórn hafnar samhljóða útgáfu framkvæmdarleyfis.

Mál nr. 13: Borgarhólsbraut 24 (L169762); umsókn um byggingarleyfi; gestahús - (2111033).

Fyrir liggur umsókn Samúels S. Hreggviðssonar fyrir hönd Stellu K. Víðisdóttur með umboð jarðareigenda, um byggingarleyfi til að byggja 28,7 m² gestahús að Borgarhólsbraut 24, L169762 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin stendur utan deiliskipulags Borgarhólsbrautar 24a og 24b.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 14: Hallkelshólar lóð 64 (L174041); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - breyting og geymsla - (2110071).

Fyrir liggur umsókn Þorgeirs Þorgeirssonar, f.h. Ingu H. Hjörleifsdóttur og Benedikts H. Benediktssonar um byggingarleyfi til að byggja 15,6 m² viðbyggingu við sumarhús og 35 m² geymslu að Hallkelshólum lóð 64, L174041 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð sumarhúss eftir stækkun verður 122,6 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 15: Sogsvirkjanir; H20 og H22; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - (1811018).

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Sogsvirkjana eftir auglýsingu. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 falla stöðvarnar þrjár og háspennulína í tengslum við virkjanir undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Í aðalskipulagsbreytingunni er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðasvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúru-minjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16: Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Frístundabyggð; Deiliskipulag - (2103061).

Fyrir liggur tillaga deiliskipulags vegna frístundabyggðar í landi Torfastaða 1 L170828 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á um 25 ha svæði innan jarðarinnar. Samhliða er unnið að breytingu aðalskipulags. Umsagnir bárust við málið á auglýsingatíma þess og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Engar athugasemdir bárust frá almenningi við auglýsingu skipulagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða gildistöku breytingar á aðalskipulagi. Jafnframt telur sveitarstjórn að brugðist hafi verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan skipulagstillögunnar.

Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-153.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. nóvember 2021.

b) Fundargerð aðalfundar Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs., 10. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

c) Fundargerð 5. fundar um sameiginlega vatnsveitu uppsveita, 14. maí 2021.

Fyrir liggur fundargerð 5. fundar um sameiginlega vatnsveitu uppsveita frá 14. maí 2021 ásamt minnisblaði dagsettu 28. apríl 2021. Í minnisblaðinu er farið yfir kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna á verkefninu og skv. því er kostnaðarhlutur Grímsnes- og Grafningshrepps áætlaður 201,5 millj. Jafnframt er í fundargerðinni óskað eftir afstöðu hvers sveitarfélags um framhald verkefnisins.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða áframhaldandi þátttöku í verkefninu og felur veitunefnd að skoða aðra möguleika er varða vatnsöflun til lengri tíma lítið.

[Fundargerð 5. fundar um sameiginlega vatnsveitu uppsveita](#)

d) Fundargerð 23. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 25. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

e) Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands, 29. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

f) Fundargerð 574. fundar stjórnar SASS, 27. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

g) Fundargerð 575. fundar stjórnar SASS, 5. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

h) Fundargerð aðalfundar SASS, 28. og 29. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

i) Fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 4. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

j) Fundargerð 4. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 1. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

[Fundargerðin](#)

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2021. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna þessa heldur verður þessi viðbót tekin af handbæru fé sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi viðauka og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

[Viðauki við fjárhagsáætlun 2021](#)

3. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2022.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrárm og álagningu gjalda vegna ársins 2022.

1. **Útsvarshlutfall** árið 2022 verði óbreytt 12,44%.

2. **Fasteignaskattur A**, 0,470% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

5% staðgreiðsluafsláttur verður veittur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem staðgreiða álagninguna fyrir 5. mars 2022.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2022 eru eftirfarandi:

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2022 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 3.785.000	Allt að 5.695.000	100%
Milli 3.785.001 – 4.420.000	Milli 5.695.001 – 6.550.000	75%
Milli 4.420.001 – 5.050.000	Milli 6.550.001 – 7.420.000	50%
Milli 5.050.001 – 5.680.000	Milli 7.420.001 – 8.280.000	25%

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.

3. **Seyra**, seyrulosunargjald mun hækka um 15% frá síðasta ári vegna mikils kostnaðarauka við hreinsun, meðhöndlun og afsetningar á seyrinni. Fyrir liggur að taprekstur á málaflökknum er áætlaður 5,5 milljónir á árinu 2022 þrátt fyrir gjaldskrárhækkanir.

Kostnaður við seyrulosun/hreinsun verður kr. 13.355 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 51.750.-

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 126.500.-

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,27% af fasteignamati húss. Hámarksálagning verði kr. 53.000 á íbúðarhús.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 243.550.

4. **Sorp**, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar fyrir heimilissorp er:

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhús:

Heimilissorp skal flokkað í fjóra flokka og er greitt gjald fyrir tunnueiningu. Tunnueiningin inniheldur tunnu fyrir lífrænan úrgang, tunnu fyrir plast, tunnu fyrir pappír og tunnu fyrir annan heimilisúrgang. Einungis er ein stærð í boði en hægt er að fá auka tunnur fyrir þá flokka sem þörf er á.

Ílátastærðir og verð:

240 L ílát, fjórar tunnur 46.857 kr.

240 L ílát, auka tunna fyrir annan heimilisúrgang 20.617 kr.

240 L ílát, auka tunna fyrir pappa, plast eða lífrænan úrgang 8.747 kr.

Sorpeyðingargjald:

Íbúðarhúsnæði 27.628 kr.

Frístundahúsnæði 23.303 kr.

Lögbýli 13.510 kr.

Fyrirtæki 45.207 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhús og lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi kr. 5.000,-

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ 6.000 kr.

5. **Gjaldskrá vatnsveitu:**

Gjaldskrá vatnsveitu verður óbreytt.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A, lögbýli/einbýlishús, verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 á hverja eign/hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A í skipulagðri frístundabyggð verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 65.000 og lágmarksálagning verði kr. 25.000 á hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki C verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000 á hverja eign/hús.

Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 480.965.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 714.385.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000.

Fyrir ný skipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 45.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 15.375 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

6. Gjaldskrá hitaveitu:

Gjaldskrá hitaveitu verður eftirfarandi.

gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningsshrepps er þannig:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði er kr. 2.904.

B. Rúmmetragejald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 131,88.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragejaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 8.712 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.322 kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20 1.890 kr.

C3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.335 kr.

C4 Stærð mælis/hemils DN 32 2.786 kr.

C5 Stærð mælis/hemils DN 40 3.235 kr.

C6 Stærð mælis/hemils DN 50 4.427 kr.

C. Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 705.780 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 269 kr/m³.

Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 410.269 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 269 kr/m³.

Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 705.780.
Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 105.327.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 16.144 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningsshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli.

7. Lóðaleiga, verði óbreytt 1% af lóðamati.

8. **Gatnagerðargjöld**, verði óbreytt og jafnframt verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum í þéttbýli út árið 2022.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Húsgerð	Hlutfall	Einingarverð/m ² m.v. hámarksnýtingar hlutfall kr.*
Einbýlishús með bílgeymslu	8,5%	15.386 kr.
Parhús með/án bílgeymslu	7,5%	13.575 kr.
Raðhús með/án bílgeymslu	7,0%	12.670 kr.
Fjölbýlishús með/án bílgeymslu	4,0%	7.240 kr.
Verslunar-, þjónustu- og annað	3,5%	6.335 kr.
Iðnaðarhúsnæði	3,0%	5.430 kr.
Hesthús	3,0%	5.430 kr.
Gróðurhús o.fl. tengt landbúnaði	1,0%	1.810 kr.

*Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 580,2 stig í janúar 2013.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (181.006 kr./m², byggingarvísitala 580,2 stig fyrir janúar 2013).

9. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar verði eftirfarandi:

Sund: fullorðnir 18-66 ára börn 10-17 ára

Stakt skipti 1.050 kr. 450 kr.

10 miða kort 6.000 kr. 2.500 kr.

30 miða kort 15.000 kr. 6.500 kr.

Árskort 35.000 kr. 17.500 kr.

Þreksalur:

Stakt skipti 1.500 kr.

10 miða kort 11.000 kr.

30 miða kort 21.000 kr.

Árskort 35.000 kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín. 1.500 kr.

Barn – 60 mín. 750 kr.

Hálfur dagur 12.000 kr.

Heill dagur 21.000 kr.

Sturta 700 kr.

Leiga á sundfatnaði 700 kr.

Leiga á handklæði 700 kr.

Handklæði og sundföt 1.000 kr.

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir 18-66 ára 12.000 kr.

Börn 10-17 ára 4.500 kr.

Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu geta leigt íþróttasalinn fyrir afmælisveislu barna sinna fyrir kr. 6.000.

Börn 0-9 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund, þreksal og íþróttasal.

10. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla:

Gjaldskrá dagvistunargjalda verður eftirfarandi:

4 klst. vistun 7.292 kr.

4,5 klst. vistun 8.124 kr.

5 klst. vistun 9.116 kr.

5,5 klst. vistun 10.027 kr.

6 klst. vistun 10.939 kr.

6,5 klst. vistun 12.365 kr.

7 klst. vistun 13.792 kr.

7,5 klst. vistun 15.218 kr.

8 klst. vistun 16.645 kr.

8,5 klst. vistun 21.558 kr.

9 klst. vistun 26.471 kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur dagvistunargjalda er samtengdur systkinaafslætti frístundar.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

11. Gjaldskrá frístundar:

Gjaldskrá frístundar verður eftirfarandi:

Hver klukkustund 310 kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur frístundar er samtengdur systkinaafslætti dagvistunargjalda.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

12. Gjaldskrá mötuneytis:

Gjaldfrjálst er fyrir börn Kerhólsskóla og frístundar í mötuneyti Kerhólsskóla. Jafnframt er gjaldfrjálst fyrir eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu í mötuneyti Kerhólsskóla.

Hádegisverður, starfsmanna 570 kr.

Hádegisverður, kostgangara 1.350 kr.

13. Gjaldskrá bókasafns:

Gjaldskrá bókasafns verður eftirfarandi:

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlámsgagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

4. Fjárhagsáætlun 2022-2025, fyrri umræða.

Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir fjárhagsárin 2022 – 2025 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 var farið yfir hverja deild fyrir sig og hún skoðuð ítarlega með tilliti til þess hver áætlun var vegna 2021 og staða deildarinnar eftir 9-10 mánuði. Þessar forsendur voru svo aðlagðar aðstæðum.

Við mat á útsvarstekjum var stuðst við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélagsins og íbúapróun en vísbendingar eru um að íbúasamsetning í sveitarfélaginu leiði ekki til mikilla breytinga á útsvarstekjum.

Útsvarsprósenta verði sú sama og árið 2021 eða 12,44%.

Fasteignaskattur er byggður á upplýsingum um álagningastofn frá Þjóðskrá Íslands og prufukeyrslu úr Fasteignaskrá. Álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki A, verður 0,470% og álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki C verður 1,65%.

Ekki eru áætlaðar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í áætluninni er gert ráð fyrir 4% hækkun á gjaldskrá sorpeyðingar og sorphirðu. Gjaldskrá seyrulosunar hækkar um 15% vegna mikils kostnaðarauka og hallareksturs málaflokksins, gjaldskrá hitaveitu hækkar um 5-10% og gjaldskrá vatnsveitu verður óbreytt.

Áfram verður veittur 50% afsláttur af gjaldskrá gatnagerðargjalda.

Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar verður breytt lítillega, dagvistunargjald og vistunargjald í frístund hækkar um 3,5 %. Mötuneyti Kerhólsskóla verður áfram gjaldfrjálst.

Lögð er fram endurbætt gjaldskrá bókasafns Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ekki er gert ráð fyrir lántökum vegna fjárfestinga á árinu 2022 né sölu eigna.

Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

[Fjárhagsáætlun 2022-2025](#)

5. Tilboð í gerð göngustígs í Ásborgum.

Fyrir liggur minnisblað frá Ragnari Guðmundssyni, umsjónarmanni framkvæmda og veitna, dagsett 24. nóvember 2021, þar sem farið er yfir tilboð í gerð göngustígs í Ásborgum. Tvö tilboð bárust, frá Jóhannesi Guðmundssyni að fjárhæð kr. 3.847.000,- og Tæki og tól ehf. að fjárhæð kr. 4.584.500,-.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægra tilboðinu, frá Jóhannesi Guðmundssyni. Sveitarstjóra / oddvita falið að skrifa undir samninginn.

Minnisblað

6. Lóðarleigusamningur, Borgarbraut 34.

Fyrir liggur nýr lóðarleigusamningur vegna Borgarbrautar 34 en búið var að úthluta lóðinni áður og gekk sú úthlutun til baka til sveitarfélagsins. Veitt var vilyrði til úthlutunnar lóðarinnar fyrir gildistöku nýs deiliskipulags fyrir þéttbýlið að Borg og gildistöku reglna um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi lóðarleigusamning.

7. Samþykktir Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.

Lagðar fram til seinni umræðu samþykktir fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykktirnar.

Samþykktir

8. Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaga á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Lögð fram til fyrri umræðu samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaga á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Sveitarstjórn vísar umræðunni til seinni umræðu.

Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla

9. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Auglýsing um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.

Fyrir liggur auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga. Þar kemur fram að ráðherra hafi tekið ákvörðun um að framlengja heimild allra sveitarstjórna, sem veitt hefur verið í mars árið 2020 og var hún framlengd í ágúst 2020, nóvember 2020, desember 2020, mars 2021 og gildi fram í júlí á þessu ári. Heimildin gildir til 31. janúar 2022.

Lagt fram til kynningar.

Auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

10. Verkefnaáætlun Þingvallavatns árið 2022 ásamt stöðuskýrslu.

Fyrir liggur verkefnaáætlun Þingvallavatns árið 2022 ásamt stöðuskýrslu.

Áætlunin ásamt skýrslunni lögð fram til kynningar.

Verkefnaáætlun

11. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna minningardags um þá sem hafa látið lífið í umferðinni.

Fyrir liggur bréf frá Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dagsett 22. nóvember 2021, þar sem farið er yfir minningardaginn um fórnarlömb umferðarslysa þann 21. nóvember s.l.

Bréfið lagt fram til kynningar.

Bréf frá Sigurði Inga Jóhannssyni

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:50

Laugarás

Heilsugæslustöð

Laugarás, 806 Selfoss

432 2770 – Fax 432 2771

Healthcenter Laugarási, tel: +354 432 2770.

Öll vottorð og aðrar heilsufarsupplýsingar verða eingöngu afhent úr móttöku gegn framvísun skilríkja, einnig gegn útfylltu umboði (sjá neðar) ef annar en einstaklingur sjálfur sækir gögnin.

[Hertar reglur varðandi Covid](#)

SÍMI VAKTÞJÓNUSTU LÆKNA OG HJÚKRUNARFRÆÐINGA Á HSU ER 1700

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112

-Ef um slys eða alvarleg veikindi er að ræða þar sem bráðrar þjónustu er þörf.





518. fundur 15. desember 2021
kl. 09:00 - 11:50
Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Björn Kristinn Pálmarsson
Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 96. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 29. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 30. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 29. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 229. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. desember 2021.

Mál nr. 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 229. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 8. desember 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 10: Farbraut 8 L169423; Sameining lóða 8 og 10; Deiliskipulagsbreyting - (2111046)

Fyrir liggur umsókn frá TCI fasteignafélagi er varðar breytingu á deiliskipulagi að Farbraut 8 L169423. Í breytingunni felst sameining lóða númer 8 og 10. Breytingin er í samræmi við núverandi skráningu lóðarinnar í fasteignaskrá.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 11: Álfhóll L210521; 25 hektarar; Deiliskipulag - (2111047)

Fyrir liggur umsókn frá Tjaldhól sf. sem tekur til deiliskipulagsáætlunar

innan 25 ha lands Álfhóls L210521. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindir tveir byggingarreitir ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús, tvö minni hús allt að 60 m², fjölnotahús tengt atvinnurekstri allt að 600 m² auk skemmu/skýlis í tengslum við skógrækt. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagnar í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 12: Neðan-Sogsvegur 14 L169341; Gestahús; Niðurrif; Frestun; Fyrirspurn - (2111077)

Lögð fram fyrirspurn er varðar beiðni um frestun ákvörðunar um niðurrif gestahúss á lóð Neðan-Sogsvegur 14.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fara á staðinn og taka út aðstæður. Meta ástand og raunstærð hússins og hugsanleg grenndaráhrif þess m.t.t. aðliggjandi lóða.

Mál nr. 13: Bíldsfell II veiðihús (L227365); umsókn um byggingarleyfi; veiðihús - viðbygging og gistihús - (2111069)

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar f.h. Guðmundar Þorvaldssonar og Árna Þorvaldssonar, móttækin 23. nóvember 2021, um byggingarleyfi fyrir annars vegar 13,4 m² viðbyggingu við veiðihús, mhl 01, og hins vegar 21 m² gistihús á landinu Bíldsfell II veiðihús L227365 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á veiðihúsi, mhl 01, eftir stækkun verður 74,3 m².

Sveitarstjórn vísar málinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir hagsmunaaðilar eru á svæðinu aðrir en umsækjandi telur sveitarstjórn ekki þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 14: Farbraut 8 (L169423); umsókn um byggingarleyfi; sumarhústaður - (2107077)

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Á. Þórðarsonar f.h. TCI fasteignafélags ehf., móttækin 11. júlí 2021, um byggingarleyfi til að flytja 30 m² fullbúið sumarhús að Farbraut 8, L169423 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Samhliða er unnið að óverulegri breytingu á deiliskipulagi svæðisins til samræmingar við skráningu lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Útgáfa byggingarleyfis verði grenndarkynnt samhliða breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 15: Álfhóll (L210521); umsókn um byggingarleyfi; skemma - (2111080)

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar f.h. Skógálfa ehf., móttækin 29. nóvember 2021, um byggingarleyfi fyrir 149,2 m² skemmu á jörðinni Álfhóll L210521 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn hafnar útgáfu byggingarleyfis þar til deiliskipulag svæðisins hefur tekið gildi.

Mál nr. 16: Endurskoðun Aðalskipulags Ölfuss 2020-2036; Umsagnarbeiðni - (2112003)

Fyrir liggur umsagnarbeiðni vegna kynningar á heildarendurskoðun aðalskipulags Ölfuss 2020-2036.
Lagt fram til kynningar.

Mál nr. 17: Stóra-Borg lóð 13 (Hvítuborgir) L218057; Borun eftir köldu vatni; Framkvæmdarleyfi - (2111072)

Fyrir liggur umsókn frá TCOB ehf. er varðar borun á köldu vatni á lóð Stóru-Borgar lóð 13 (Hvítuborgir) L218057.
Eftir að málið var tekið fyrir hjá skipulagsnefnd var umsóknin dregin til baka með tölvupósti dagsettum 9. desember 2021.

Mál nr. 18: Þóroddsstaðir L168295; Álfabrekka; Stofnun lóðar - (2112004)

Fyrir liggur umsókn Gunnars Ríkharðssonar f.h. landeigenda um stofnun landeignar. Óskað er eftir að stofna 100 ha land með staðfanginu Álfabrekka úr landi Þóroddsstaða L168295. Aðkoman er um Álfhól L210521 frá Laugarvatnsvegi (37).
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun landsins skv. fyrirliggjandi umsókn.

Mál nr. 24: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-154.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. desember 2021.

d) Fundargerð 52. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar, 30. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 29. október 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 215. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 25. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs., 24. nóvember 2021.
Mál um stofnun sjálfseignarstofnunar um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans bs., dagsett 24. nóvember 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál um stofnun sjálfseignarstofnunar um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.

Fyrir liggur erindi Bergrisans bs. þar sem lagt er til við aðildarsveitarfélögin að stofnuð verði húsnæðissjálfseignarstofnun (hses) um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.
Sjálfseignarstofnunin mun eiga og annast rekstur íbúðakjarnans, þ.e. húsnæðisins.
Stofnfé verður samtals 1.000.000 kr. og er hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps 19.956 kr.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leiti að vera aðili að sjálfseignarstofnun um byggingu og rekstur íbúðakjarna fyrir fatlað fólk skv. fyrirliggjandi gögnum.

h) Fundargerð 576. fundar stjórnar SASS, 3. desember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 903. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 126. nóvember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt er að fella niður næsta reglulega fund sveitarstjórnar þann 5. janúar n.k. Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 19. janúar 2022, kl. 9:00.

3. Staða fjárhagsáætlunar 2021.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2021 eftir fyrstu 11 mánuði ársins.

4. Fjárhagsáætlun 2022-2025, seinni umræða.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2022-2025 er tekin til lokaafgreiðslu.

Helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2022	2023	2024	2025
Tekjur	1.243.533	1.297.050	1.353.012	1.411.535
Gjöld	1.195.710	1.240.464	1.299.643	1.349.248
Fjármagnsgjöld	36.885	45.064	51.854	57.680
Rekstrarafgangur	10.937	11.522	1.514	4.607
Eignir	2.265.513	2.380.118	2.497.700	2.602.756
Skuldir	944.634	1.047.717	1.163.785	1.264.234
Eigið fé	1.320.879	1.332.401	1.333.915	1.338.523
Fjárfestingar (nettó)	297.560	215.000	225.000	225.000

Gert er ráð fyrir lántökum vegna fjárfestinga að einhverju leiti. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2022-2025.

5. Snjómokstursþjónusta Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir alvarlegar athugasemdir við vetrarþjónustu á þeim vegum sem Vegagerðin sinnir í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið sinnir vetrarþjónustu á heimreiðum í sveitarfélaginu og á héraðsvegum til helminga á móti Vegagerðinni og er með samning við verktaka um að allir vegir skulu vera orðnir færir kl. 7 á morgnanna. Vegagerðin sér hins vegar um vetrarþjónustu á stofn- og tengivegum. Tengivegir á forræði Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu eru m.a. Sólheimavegur og Þingvallavegur. Stefna Vegagerðarinnar er sú að miða við að búið sé að opna tengivegi kl. 10 alla daga nema þriðjudaga og laugardaga, þá daga er engin þjónusta í boði. Af hálfu Grímsnes- og Grafningshrepps er lögð áhersla á að vegir þessir verði mokaðir eftir þörfum, ekki bara þá daga sem skipulag Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir. Alla jafna skapast ekki þörf fyrir slíkt oft en fimm daga í viku, a.m.k. ef horft er til veðurlags síðustu ára. Þá er einnig mikilvægt að þessir vegir séu mokaðir það snemma að snjór troðist ekki og sveill myndist, með tilheyrandi hálfu. Nauðsynlegt er að hálkuverja þegar mikil hálka er og getur mokstur áður en snjór treðst komið í veg fyrir að ráðast þurfi í slík verkefni. Um þessa vegi fara skólabörn alla virka daga og er nauðsynlegt að huga að öryggi þeirra, sem og annarra vegfarenda. Fjölmargir sækja vinnu milli sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu ásamt því að stórir vinnustaðir eru staðsettir við þessa vegi og er nauðsynlegt að vegirnir séu greiðfærir. Góð vetrarþjónusta kemur í veg fyrir að fólk missi úr vinnu, börn komist ekki í skóla og getur dregið úr kostnaði samfélagsins við tjón á ökutækjum og slys á vegfarendum.

6. Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaga á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Lögð fram til seinni umræðu samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaga á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykktina.

7. Ferðamálafulltrúi.

Fyrir liggur minnisblað vegna breytinga á embætti ferðamálafulltrúa uppsveita, dags. 30. nóvember 2021. Breytingin felst í að frá og með 1. janúar 2022 verður starfshlutfall ferðamálafulltrúa 80% og að aðildarsveitarfélögin verða aðeins þrjú, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð og Hrunamannahreppur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingu.

8. Loftlagsstefna

Fyrir liggur tillaga um að unnin verði sameiginleg loftlagsstefna fyrir sveitarfélögin í uppsveitum og Flóahreppi. Jafnframt er lagt til að ráðinn verði verkefnisstjóri fyrir verkefnið. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

9. Uppbygging hjúkrunarheimilis.

Fyrir liggur umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Bláskógabyggð til Heilbrigðisráðuneytisins, dagsett 1. desember 2021, þar sem óskað er eftir byggingu hjúkrunarheimilis í Uppsveitum Árnassýslu. Þar kemur fram að í sveitarfélagunum fjórum í Uppsveitum Árnassýslu hafi 469 einstaklingar á aldrinum 65 til 100 ára verið búsettir hinn 1. janúar 2021, eða um 15% íbúa. Núverandi hjúkrunarrými á Suðurlandi munu ekki nægja til að sinna þörf fyrir hjúkrunarrými til framtíðar. Nauðsynlegt sé að stuðla að því að aldraðir íbúar geti búið sem næst sinni heimabyggð og óska fulltrúar sveitarfélaganna eftir viðræðum við fulltrúa ráðuneytisins um málið.

Umsóknin lögð fram til kynningar.

10. Ályktanir ársþings SASS 2021.

Lagðar fram til kynningar ályktanir sem gerðar voru á ársþingi SASS, dagana 28. og 29. október s.l.

11. Uppfærsla svæðisáætlana vegna lagabreytinga.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Karli Björnssyni, dagsett 30. nóvember 2021 þar sem sveitarfélög eru hvött til að uppfæra svæðisáætlanir vegna breytinga á lögum.

Bréfið lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:50



Austurvegur 31b, Selfoss



**Tökum að
okkur STÓR og
smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



Opnunartími:

Mánudaga: 09:30-17:30
Þriðjudaga: 09:30-17:30
Miðvikudaga: 09:30-17:30
Fimmtudaga: 09:30-17:30
Föstudaga: 09:30-17:30
Laugardaga: 11:00 -17:30
Sunnudaga: 12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar

www.facebook.com/VersluninMinniBorg

Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kærar viðskiptavinir.

Hamingjuríkari janúar 2022

LAUGARDAGUR

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR

1 Finndu
eitthvað þrennt
til að hlakka
til á nýju ári

2 Gefðu þér
tíma til að
dekra aðeins
við þig í dag

3 Gerðu
eitthvað fallett
fyrir aðra
sem lífgar upp
á daginn

8 Segðu
eitthvað
jákvætt við
þá sem þú
hittir í dag

9 Hreyfðu þig.
Gerðu eitthvað
sem tekur á
(helst utandyra)

10 Þakkaðu
þeim sem
þú stendur í
þakarskuld
við og láttu
vita af hverju

15 Farðu út
undir bert loft
og taktu eftir
fimm fallegum
hlutum

16 Láttu gott
af þér leiða í
nærsamfélaginu

17 Sýndu þér
mildi þegar þú
gerir mistök

22 Skipuleggðu
eitthvað sniðugt
og bjóddu öðrum
að taka þátt

23 Leggðu frá
þér snjalltækin
og einbeittu þér
að „núinu“

24 Taktu lítið
skref í átt að
mikilvægu
markmiði

29 Heilsaðu
upp á nágranna
og reyndu að
kynnast þeim
betur

30 Kannaðu
hvað þú getur
brosað til
margra í dag

31 Skrifðu
niður vonir
þínar og
framτίðaráform



ACTION FOR HAPPINESS

Hamingja · Hlýhugur · Sam



Það er ávalt líf og fjör í leikskóladeild Kerhólsskóla en desember var sérlega uppbrotssamur hjá okkur. Við bjuggum til dagatal sem innihélt ólík viðfangsefni og því eitthvað nýtt um að vera á hverjum degi. Við föndruðum jólas kraut, bökuðum og máluðum piparkökur, útbjuggum jólakort og fórum í pósthólf um þorpið. Einnig fórum við í skógarferð með heitt kakó meðferðis og margt fleira skemmtilegt.

Hefð hefur skapast fyrir því að nemendur og starfsfólk Kerhólsskóla keppast um fallegustu jólahurðina. Margar hurðar voru skemmtilega skreyttar en í ár fékk leikskóladeildin titilinn „Fallegasta hurðin“. Börnin höfðu tekið fullan þátt í skreytingum og alveg ráðið ferðinni. Meðfylgjandi er örlítið brot af starfinu okkar í desember:)

Við í leikskóladeildinni óskum ykkur gleðilegs árs og tökum glöð á móti nýju ári með fleiri spennandi verkefnum:)

F
A
L
L
E
G
A
S
T
A

H
U
R
Ð
I
N





Vetraropnun


Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN




Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar í janúar:

Mán. – 8:15 til 12:00 og 15:30 til 16:30

Þri. – 10:45 til 12:00 og 15:30 til 16:30

Fim. – 12:30 til 13:30 og 15:30 til 16:30

Kvöldopnun:

Fim. 13. jan. frá 19:30 til 21:30

Fim. 20. jan. frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2022

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs.

Ef útlánsþing glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.



Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-21:30

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is